

STJÓRNARTÍÐINDI B 6 — 1985

31. janúar 1985

125

Nr. 57

REGLUGERÐ

um bensíngjald.

1. gr.

Greiða skal sérstakt innflutningsgjald — bensíngjald — af bensíni er fellur undir tollskrárnúmer 27.10.19. Frá og með 2. febrúar 1985 skal gjald þetta nema kr. 6,30 af hverjum lítra.

2. gr.

Gjald skv. 1. gr. tekur einnig til bensínbirgða sem til eru í landinu hinn 2. febrúar 1985. Þó skulu gjaldfrjálsir 300 lítrar hjá hverjum eiganda.

Gjaldið skal greiða hvort heldur bensínið er í vörslu eiganda eða ekki.

Hafi gjald skv. 1. gr. reglugerðar nr. 434/1984 verið greitt af birgðum sem til eru hinn 2. febrúar 1985, skal greiða kr. 0,58 af hverjum lítra slíkra birgða sem til eru umfram 300 lítra hjá hverjum eiganda.

Hver sá sem á eða hefur til umráða 300 lítra af bensíni hinn 2. febrúar 1985, skal tilkynna það innheimtumanni innan 10 daga. Eigandi eða umráðamaður er skyldur til að aðstoða við að kanna birgðir óski innheimtumaður slíkrar aðstoðar.

Innheimtumaður getur krafist upplýsinga frá bensíninnflytjendum og bensínsölum um sölu samkvæmt verslunarbókum til viðskiptamanna er fram fór fyrir 2. febrúar 1985.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 4. og 5. mgr., 5. gr. laga nr. 79 6. september 1974 um fjáröflun til vegagerðar, sbr. lög nr. 78 31. desember 1977 um breytingu á þeim lögum og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur reglugerð nr. 434/1984 úr gildi.

Fjármálaráðuneytið, 31. janúar 1985.

F. h. r.

Höskuldur Jónsson.

Lárus Ögmundsson.